

Stjórnarfundur TSÍ 11.05.2007

Mættir: Raj, Skjöldur og Gunnar F

- Skjöldur sagði frá veikindum Jóns Gunnars og óska stjórnarmenn honum alls hins besta og hlakka til að hitta hann frískan þegar hann kemur aftur.
- Gunnari var falið að skrifa textann fyrir ársþingið og einnig finna skýrsluna frá síðasta þingi fyrir sunnudagskvöld. Skjöldur ætlar að ganga frá þessu á mánudaginn 14. maí.
- Bréf sem Hafsteinn sendi stjórninni er að öllum líkindum ólöglegt að sögn Skjaldar. Það er ekki undirritað og Hafsteinn getur ekki sent slíkt bréf sem einstaklingur. Skjöldur tók að sér að ræða við Hafstein um málið.
- Fjárhagsáætlun TSÍ var lögð fram. Menn ræddu sérstaklega 900.000 kr.- um auglýsingatekjur. Gera þarf áætlun um hana. Að öðru leyti var áætlunin samþykkt.
- Raj sýndi nýja bókhaldskerfið sem tekið var upp í samvinnu við ÍSÍ.
- Rædd voru væntanleg feðalög okkar fólks í sumar. Nú er Davis Cup liðið nýkomið frá Egyptalandi og Smáþjóðaleikarnir hefjast brátt. Luigi fer með 12 ára krakkana í keppnisferð í sumar. Farið verður til Frakklands þann 24. júní (Rebekka, Sigurlaug, Rafn Kumar, Biurkir o.fl.) Birkir fer til Barcelona og einnig á Olympíuleika æskunnar ásamt Raj. Það er sem sagt heilmikið í gangi hjá okkar fólki í sumar.
- Nýja tennishöllin er tilbúin. Frábær aðstaða segir Gunnar sem búinn er að prófa vellina. Höllin verður formlega vígð 24. maí en þangað til er hægt að spila frítt.
- Ársþingið er 16. maí kl. 18.00 í húsakynnum ÍSÍ.

Gunnar Finnbjörnsson

14. maí 2007